

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal varðveita eignir sjóðsins með sem bestum hætti, land og lausafé. Landið skal friða og verja gróður allan með traustum girðingum og með öðrum hætti er best má verða, en lausafé allt skal ávaxtað í verðtryggðum skuldabréfum, verðtryggðum banka-reikningum, ríkisskuldabréfum eða á annan hátt sem sjóðsstjórnin er sammála um að sé jafnöruggt og gefi eins góða ávöxtun.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningur sjóðsins skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og varamanni 3. stjórnarmanns þ.e. niðja Ágústu og Daníels.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri.

1. Bannaðar eru bifreiðastöður á Skipagötu við vesturbrún götunnar á 18 m kafla til suðurs frá húsi nr. 8. Bann þetta tekur þó eigi til póstbifreiða.
 2. Bifreiðastöður eru leyfðar á Aðalstræti að vestanverðu frá húsi nr. 18 og að húsi nr. 74.
 3. Biðskylda verður á eftirtöldum götum, þar sem þær mæta Byggðavegi:
Ásabyggð, Goðabyggð, Vanabyggð, Norðurbyggð, Rauðamýri, Grænamýri, Hrafnabjörg, gamli þjóðvegurinn og Sjafnarstígur.
 4. Umferð um Byggðaveg skal víkja fyrir umferð um Hrafnagilsstræti (biðskylda).
 5. Umferð um Naustafjöru skal víkja fyrir umferð um Þórunnarstræti (biðskylda).
 6. Umferð um Lyngholt skal víkja fyrir umferð um Stórholt (biðskylda).
- Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 21. desember 1988.

Elías I. Elíasson.